REGLUGERÐ

um bann við togveiðum og dragnótaveiðum suður af Dyrhólaey.

1. gr.

Frá og með 6. nóvember 2000 eru allar togveiðar og dragnótaveiðar óheimilar á svæði suður af Dyrhólaey, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1.	63°24′00 N	18°40′V	4.	63°16′50 N	18°55′V
2.	63°22′00 N	18°40′V	5.	63°22′60 N	19°30′V
3.	63°19′50 N	18°51′V	6.	63°28′80 N	19°30′V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. nóvember 2000.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.